



Leiðbeiningar til starfsfólks mötuneyta Reykjavíkurborgar í Ráðhúsi Reykjavíkur og Höfðatorgi, vegna COVID 19

Smitleið kórónaveirunnar er talin vera snerti- og dropasmit, Kórónaveiran getur dreifst þegar smitaður einstaklingur hóstar, hnerrar eða snýtir sér og hraustur einstaklingur andar að sér dropum/úða frá honum. Einnig ef hendur hrausts einstaklings mengast af sýktum dropum/úða og hann snertir síðan andlit sitt. Ekki hefur verið staðfest að fólk geti verið smitandi áður en einkenni koma fram en sumir fá lítil sem engin einkenni en geta þó verið smitandi. Veiran lifir í stuttan tíma á hörðum flötum utan líkamans (talið vera klukkustundir frekar en dagar). Þannig geta sameiginlegir snertifletir eins og eldhúsáhöld og vatnskönnur mögulega borið smit ef einhver veikir hnerrar eða hóstar á hlutina eða snertir þá með óhreinum höndum.

Leiðir til að draga úr krosssmiti (að smit berist frá einum einstaklingi í áhöld eða til annars einstaklings)

- Minnt er á mikilvægi handþvottar og réttar hanskanotkunar. Röng hanskanotkun t.d. þegar hanskaklæddar hendur fara á milli hreinna og óhreinna yfirborða og svo aftur yfir í hreint, getur valdið því að smit berst á milli.
- Hanskanotkun kemur ekki í stað fyrir fullnægjandi handþvott.
- Hanskar eru til að varna krosssmiti í matvæli en ekki til að verja starfsfólkið.
- Almennar umgengnisreglur fyrir hlaðborð þurfa að vera sýnilegar viðskiptavinum.
- Starfsfólk mötuneytanna skal skipta um öll áhöld á hlaðborði a.m.k. einu sinni í hverjum matartíma.
- Mælst er til að starfsmaður fylgist með að viðskiptavinir fari að umgengnisreglum við hlaðborð. Fari einhver ekki að reglum skal honum bent á það og ef hann vill ekki gera eins og óskað er eftir er honum vísað frá.